



## Áhrif friðunar refs á ábúðarhlutfall grenja

Róbert A. Stefánsson og Menja von Schmalensee

Náttúrustofa Vesturlands, Hafnargötu 3, 340 Stykkishólmi

### Inngangur


Refurinn (*Vulpes lagopus*) er eina upprunalega landspendýrið á Íslandi. Refir notast við greni til að gjóta og ala upp yrðlinga, en greni eru hefðbundnir staðir notaðir árum, áratugum eða öldum saman af refum og eru oftast nokkrir tugir eða jafnvel hundruð fermetra að flatarmáli. Innan óðals refapars geta verið mörg greni en á hverjum

tíma notast parið yfirleitt einungis við eitt þeirra. Í gegnum tíðina hefur maðurinn veitt refi í stórum stíl um land allt [1] en refaveiðar hafa verið bannaðar innan marka Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls (170 km<sup>2</sup>) frá stofnun hans árið 2001. Undanfarið áratug hefur Náttúrustofan árlega vaktað ábúðarhlutfall refagrenja í Þjóðgarðinum til að kanna hvort breytingar yrðu á hlutfalli grenja í ábúð með friðuninni.



### Niðurstöður

Fyrir friðun (1989-2001) var hlutfall grenja í ábúð 5-26% hvert ár en 11-19% eftir friðun (2002-2011) og hafði ekki tekið marktækum breytingum (Mann-Whitney próf,  $p = 0,44$ ) (1. mynd).



1. mynd. Hlutfall refagrenja í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli í ábúð á árunum 1989-2011. Tölustafir á grafi standa fyrir fjölda þekktra grenja í ábúð á hverjum tíma.

### Umræða og ályktanir

Niðurstöðurnar benda til þess að fyrir friðun hafi óðul jafnan verið setin fljótt aftur eftir að greni voru unnin. Á tímabilinu sem þessi rannsókn nær yfir hefur íslenski refastofninn stækkað mikið. Óbreytt ábúðarhlutfall grenja þrátt fyrir fjölgun í refastofninum bendir því til þess að svæðið á enda Snæfellsness hafi þegar verið mettað af grendýrum fyrir tveim áratugum. Kemur þetta heim og saman við mun meiri fjölgun hlaupadýra en grendýra á landsvísi síðustu ár [1]. Þrátt fyrir óbreytt ábúðarhlutfall má leiða að því líkur að fleiri yrðlingar komist á legg eftir friðun.

### Aðferðir

Við upphaf vöktunarinnar fór refaskyttan Leifur Ágústsson með starfsmenn Náttúrustofunnar á þekkt greni og veitti upplýsingar um hversu mörg þeirra hefðu verið unnin á hverju ári frá árinu 1989 þar til Þjóðgarðurinn var stofnaður. Að auki veittu staðkunnugir upplýsingar um nokkur greni til viðbótar. Þekkt greni voru 18 talsins árið 1989 en upplýsingar um hefðbundin greni hafa batnað síðan og árið 2011 voru þekkt 27 greni í Þjóðgarðinum. Frá árinu 2002 hafa öll þekkt greni verið heimsótt árlega í fyrri hluta júlímánaðar til að kanna hver þeirra væru í ábúð, en á þessum árstíma eru ummerki við refagreni í ábúð almennt greinileg. Vegna þess að fjöldi þekktra grenja jókst á tímabilinu var notast við hlutfall þekktra grenja í ábúð á hverjum tíma við samanburð á ástandinu fyrir og eftir friðun.

